



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldinn í húsnæðir Þyts þann 6. júní 2023.

Fundur hófst: 20:15

Fundi slitið: 20:40

**Fundinn sátu:** Pétur Már, Markús, Daniel, Pura, Helga Veronica og Rán

Funargerð ritaði: Rán

### Dagskrá

#### Greiða atkvæði um fundargerðir.

- a. Fundargerð frá 18. Apríl samþykkt.

#### 2. Vinnuskólinn, samningar, starfsmannamál, staða námskeiða.

- a. Markús gekk frá samningum við vinnuskólann á fundi í dag.
- b. Starfsmannamál, 16 krakkar í heildina sem munu vinna hjá Þyt í sumar, þar af 4 með sérþarfir. Flokkstjórar, við höfum val um flokkstjóra og getum verið með flokkstjóra-stöðum sem nema tveimur fullum stöðugildum.
- c. Staða sumarnámskeiða. Biðlistar komnir fyrir sumarnámskeiðin en fyrstu 4 eru þegar orðin full.

#### 3. Kajakkerra og kajakar.

- a. Stjórn samþykkir að skoða kaup á 4 x tvímeningskajökum og kerru með burðargetu fyrir 12 sjókjaka sem eru notaðir til sölu.

#### 4. Hvernig lýtur Þytur út. Erum við að bjóða áhugasama velkomna?

- a. Gestir og gangandi eru boðnir velkomnir og það gekk vel á sjómannadaginn.
- b. Það þarf að setja upp dagskrá Þyts á hurðina og setja upp borða á nýju girðinguna.
- c. Umgengni þarf að bæta. Stjórn gefur heimild til þess að banna æfingakrökkunum að borða á kaffistofu þar sem umgengni er hræðileg.
- d. Við þurfum að finna út úr þrifunum á húsinu. Tillaga um að fá þriðja aðila til þess að minnsta kosti þrifa allt húsið svo er hægt að viðhalda þeim þrifum.

#### 5. Sjómannadagurinn.

- a. Rætt um sjómannadaginn.

#### 6. Subaru í boði.

- a. Stjórn samþykkir að þiggja/ kaupa Subaru frá Pétri Th. Péturssyni/ Markusline í skip-tum fyrir að fella niður rafmagnsreikning.

#### 7. Nýafstaðið ÍBH þing.

- a. Ragnar fékk viðurkenningu fyrir vel unnin strörf fyrir ÍBH, Hafliða og Þyt. Fært til bókar að stjórn Þyts er ósátt við að veitt hafi verið verðlaun fyrir störf í þágu Þyts án þess að haft hafi verið samband við stjórn Þyts.

#### 8. Önnur mál.

- a. Sala suðuvélar samþykkt af stjórn.
- b. Heimsókn ÍTH í Þyt gekk vel og sýndu þau starfi klúbbsins mikinn áhuga.



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Þyts

- c. Rætt um að aðeins 4% barna með sérþarfir hafa aðgang að íþróttastarfi samkvæmt könnun sem Markús vísaði í umræðunni.